

**Nd.**

**25. Frumvarp**

til markalaga

Flutningsmaður: Jóhann Eyjólfsson.

1. gr.

Allar sýslur og allir hreppar á Íslandi skulu hafa lögákveðið mark á sauðfje og hrossum og svo á öðrum búpeningi, ef markaður er, svo sem á

kúm og geitfje. Á hægri eyra skal marka sýslumörk og hreppamörk, en á vinstra eyra skal marka eignarmörk fjáreiganda.

2. gr.

Hver sýsla hefir ákveðið sýslumark, sem er yfirmark á hægri eyra Sýslumörkin skulu vera þannig:

- |   |                 |        |
|---|-----------------|--------|
| a. Ísafjarðarsýsla, Mýrasýsla og Vestmannaeyjar . | hafa stýft      | hægri. |
| b. Barðastrandarsýsla og Borgarfjarðarsýsla . . . | — blaðstýft a.  | —      |
| c. Snæfellsnessýsla og Skagafjarðarsýsla . . .    | — blaðstýft fr. | —      |
| d. Dalasýsla og Eyjafjarðarsýsla . . . . .        | — heilirifað    | —      |
| e. Strandasýsla og Rangárvallasýsla . . . . .     | — sýlt          | —      |
| f. Húnavatnssýsla og Skaftafellssýsla . . . . .   | — tvístýft a.   | —      |
| g. Árnessýsla og Norðurmúlasýsla . . . . .        | — sneitt fr.    | —      |
| h. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Suðurmúlasýsla   | — sneitt a.     | —      |
| i. Reykjavík og Þingeyjarsýsla . . . . .          | — tvístýft fr.  | —      |

3. gr.

Hver hreppur hefir ákveðið hreppsmark, sem er undirben á hægri eyra, og skulu sýslunefndirnar í hverri sýslu ákveða hreppamörkin fyrir hina einstöku hreppa. Skulu allar sýslunefndir landsins hafa lokið því verki fyrir marsmánaðarlok 1915.

Sýnishorn fyrir, hvernig hreppamörkin megi vera:

Í N. N. sýslu

1. hreppur	biti	fr.	hægri.
2. hreppur	biti	a.	—
3. hreppur	gagnbitað		—
4. hreppur	fjöldur	fr.	—
5. hreppur	fjöldur	a.	—
6. hreppur	gagnfjaðrað		—
7. hreppur	hangfjöldur	fr.	—
8. hreppur	hangfjöldur	a.	—
9. hreppur	gagnhangfjaðrað		—
10. hreppur	tvíbitað	fr.	—
11. hreppur	tvíbitað	a.	—
12. hreppur	tvífarðað	fr.	—
13. hreppur	fjöldur fr. biti	a.	—
14. hreppur	biti fr. fjöldur	a.	hægri.
15. hreppur	biti og fjöldur	fr.	—
16. hreppur	biti og fjöldur	a.	—

4. gr.

Hreppsnefndir skulu í hreppi hverjum, í samráði við bændur og aðra fjáreigendur, ákveða fjármörk hreppsmanna, bæði með yfirmörkum og undirbenjum á vinstra eyra. Þessu starfi skal lokið fyrir aprilmánaðarlok 1915.

1. gr.

Hver sýsla gefur út markaskrá, eins og áður hefir tíðkast, á kosnað marka-

eiganda 5.—10. hvert ár, eftir því er sýslunefndin álitur þörf á. Í hverri markaskrá skal skrásetja öll sýslumörk landsins og svo hreppamörk sýslunnar, og svo eignarmark hvers fjáreiganda í sýslunni. Hver markeigandi skal fá eitt eintak ókeypis af markaskránni.

#### 6. gr.

Þegar kindur eru keyptar úr öðrum hreppi eða annari sýslu, skulu þær vera markaðar á hornum með sýslu- og hreppsmarki á hægri horni, og með marki fjáreiganda á vinstra horni, eða þá að þær sjeu brennimerkar með sýslu- og hreppsmarki á hægri horni og með marki fjáreiganda á vinstra horni. Einnig má soramarka fje, ef það verður gert nokkurn veginn lýtalaust, en enginn má gera slíkt, nema í votta viðurvist, og varðar slíkt sektum, ef útaf er brugðið, frá 10—50 króna, nema stærri sekt liggi við, samkvæmt hegningarlögunum. Kollóttar kindur og einhyrndar, eða þær kindur, sem af einhverjum ástæðum ekki er hægt að merkja á hornum og ekki verða soramarkaðar, skal merkja með málplötu, sem er fest í annaðhvort eyrað. Öðru megin á plötunni er sýslu- og hreppsmarki en hinum megin merki fjáreiganda.

#### 7. gr.

Nú flytur maður sig búferlum í annan hrepp eða aðra sýslu, og er hann þá skyldur, að merkja allt sitt fje með því sýslumarki og hreppsmarki sem þar er, eins og allur fjenaður hans væri aðkeyptur. Einnig verður hann að taka upp nýtt eignarmark í samráði við hreppsnefndina, nema ef enginn fjáreigandi í hreppnum hefir sama mark og hann hafði áður, þá getur hann haldið sínu fyrra eignarmarki, ef hann vill. Þegar einhver flytur burt úr hrepp eða sýslu, samkvæmt því sem hjer er sagt, þá má enginn í hans fyrverandi dvalarhreppi taka upp eignarmark hans, nema með hans leyfi um næstu 8 ár. Í þessi átta ár skal þetta mark hans vera skrásett í markaskrá sýslunnar, eins og áður. Flytji maður af landi burt eða í fjarlægum landshluta, svo að alls engin hætta sje á, að fjenaður hans gangi á fyrri stöðvar, þá hverfur þessi rjettur.

#### 8. gr.

Mark helgar eignarrjettinn, en ef kind er með eyrnamarki og hornamarki, þá á sá kind, sem á hornamark, og ef hún er líka með brennimarki, þá er hún eign þess, sem á brennimarkið. Ef kind er með öllum þessum merkjum, eða einhverju af þeim og jafnframt með málplötu í eyra, þá er það málplatan, sem helgar eignarrjettinn.

#### 9. gr.

Allar þær kindur, sem ekki er hægt að finna rjettan eiganda að, af hvaða ástæðu sem er, hvort heldur af því, að þær eru svo illa merktar, að ekki er hægt að sanna eignarrjett af marki, svo og ómerkingar og mýjetningar, þá skulu slíkar kindur ákveðast sveitarfje, og eru meðhöndlaðar samkvæmt reglugerð í því hjeraði, þar sem þær koma fyrir, en þó er sú undantekning, að ef sýslu- og hreppsmark er glöggt annaðhvort á eyra eða horni, en eignarmarkið óþekktanlegt, eða t. a. m. af því að vinstra eyra er mýjelið, eða

af því að vinstra horn er brotið af, þá eru slíkar kindur, eða andvirði þeirra, eign þess hrepps, sem hreppsmarkið á, hvar sem þær koma fyrir.

10. gr.

Mark eða merki á hornum og eyrum helgar eignarrjett á sauðfje og öðrum búpeningi, samkvæmt því er segir í 8. gr., en allur sá fjenaður, sem er ómarkaður eða með ólæsilegu marki, er sveitarfje, samkvæmt ákvæðum rjettareglugerða. Þó geta menn helgað sér eignarrjett á slíkum fjenaði, ef þeir með vottum geta sannað eignarrjett sinn af sjerstökum einkennum eða ástæðum, og altaf er það nægilegt til að sanna eignarrjett, ef ær tekur eða helgar sjer lamb, hvort heldur það er marklaust eða með marki.

11. gr.

Vorið 1915 skulu öll lömb í landinu mörkuð eins og lög þessi skipa fyrir, og í fardögum 1916 skal hver maður sömuleiðis hafa merkt allan fjenað sinn samkvæmt lögum þessum, eins og aðkeyptur fjenaður væri.